

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um veiðarfærarannsóknir.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa farið fram rannsóknir á þeim skaða sem hugsanlega hlýst af notkun flotvarpna við uppsjávarveiðar innan íslenskrar landhelgi og ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?
2. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á svæðum sem lokuð hafa verið til lengri tíma fyrir togveiðum bæði með flotvörpu og botnvörpu og hverjar eru helstu líffræðilegar breytingar á þeim svæðum sem komið hafa í ljós?
3. Hve miklu fé hefur Hafrannsóknastofnunin varið árlega til veiðarfærarannsóknna sl. 15 ár og hve hátt hlutfall hefur þetta verið af árlegum heildarútgjöldum stofnunarinnar á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.